



Lífgeislur

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur

11. tbl. Mars 1977



Tilgangur alheimsins er hin fullkomna samstilling við hinn æðsta
matt.

Helgi Pjetursson

Lífaflsvæði líkamans

(Sjá forsíðumynd)

Ótvírætt hefur verið sýnt fram á tilveru lífaflsvæðis líkamans. Þetta er gert með því að setja lífverur í hátíðnirafsegulsvið — verður lífaflsvæðið þá sýnilegt og hægt er að ljósmynda það (Kirlian-myndir).

Missi lífvera hluta líkama síns án þess að deyja af völdum missisins, helst lífaflsvæðið samt heilt og óskert.

Þessi nýja vitneskja um lífaflsvæði lífvera, sem hér að framan hefur verið minnst á, er mjög veigamikil varðandi kenningar dr. Helga Pjeturss, og er hér, að segja má, fram komin staðfesting á þeirri hugmynd, sem hann gerði sér um lífaflsvæði manna og að nokkru leyti á því, hvernig hann gerði ráð fyrir, að lífmynstur dáiinna manna berist til annarra hnatta frá lífaflsvæðinu.

Sagnir af lýsandi geislabaug umbverfis líkama manna og af mönnum, sem haft hafa hæfileika til að sjá geislabaug þennan eru til allt frá örófi alda til okkar daga. Vitneskja um geislabaug þennan var sem sagt byggð á fullyrðingum einstakra manna, sem töldu sig hafa sérstaka hæfileika til að sjá hann. Fyrirbæri þetta var því utan verksviðs vísindanna — þ. e., ekki var hægt að beita vísindalegri aðferð við athugun á fyrirbærinu.

Samkvæmt lýsingum á geislabaugnum verður ekki betur séð, en þarna sé á ferðinni algjörlega sama fyrirbærið og það, sem hér að framan hefur verið nefnt lífaflsvæði lífvera og hægt er að gera hverjum og einum sýnilegt með aðferð þeirri, sem lauslega var lýst í þessum kafla.

Þetta einstaka dæmi sýnir vel, að ekki er hægt að fullyrða, að fyrirbæri, sem nú eru utan verksviðs vísindanna, verði það alltaf. Og því fljótfernislegra er að telja slík fyrirbæri dulræn eða yfirnáttúruleg. Það, sem vantaði til að gera lífaflsvæði lífvera viðfangsefni vísindanna var að finna aðferð til að gera athugun á því mögulega, hvenær sem er og af hverjum sem er. Eftir að það hafði tekist, var ekkert lengur dulrænt við fyrirbærið, þótt edli þess sé að visu ekki fullkannað enn. Vafalítið eiga þannig öll fyrirbæri heimsins smám saman eftir að verða viðfangsefni vísindanna, verði rétt á málum baldið.

*Ólafur Halldórsson, líffræðingur.
(Brot úr enn óprentaðri bók).*

Forsíðumyndin sýnir lífgeislun af fingurgómi. Myndin er tekin með hátíðni-ljósmyndataekni. (Ævar Jóhannesson).

Erindi og greinar

LÍFGEISLINN OG FRAMLÍF Á ÖÐRUM STJÖRNUM

„Maður þú sem vissir svo lengi ekki, að þú átt heima á stjörnu, viltu að þú átt að eiga heima á öllum stjörnum. Allur þessi heimur á að verða þitt heimkynni. Það er verið að skapa heiminn banda þér, og þú átt sjálfur að aukast svo að viti og mætti, að þú getir farið að taka þátt í þessari miklu smíð. Og á öðrum stjörnum eru lengra komnir frændur þínir, fullir af löngun til að rétta þér hjálparhönd, þó að það geti ekki orðið fyrr en þú hefir sjálfur vit til að rétta út höndina á móti.“

Dr. Helgi Pjeturss.

Um aldaradur hefir leyndardómsfull hula hvílt yfir draumaheiminum, og mannkynið gerði sér ekki grein fyrir hvernig draumurinn er tilkominn. Hugmyndir hafa komið fram, frá spekingum og leikmönnum, en engin vissa.

Meðal annars hafði prófessor Sigmund Freud lagt mikla vinnu í að rannsaka draumaheiminn. Að lokum taldi hann sig hafa ráðið gátuna og varð heimsfrægur. Aðaluppistaða í kenningum hans er að maðurinn veiti sér í draumi það sem hann þráir, en getur ekki veitt sér í vöku. Kenningar hans um drauma, eru ekki byggðar á neinu náttúrulögmáli, heldur myndaði hann sitt eigið lögmál. er kom heim og saman við kenningar hans. Þekkingarskortur manna á þessu sviði gerði það að verkum að þeir tóku skoðun hans sem góða og gilda.

Um líkt leyti var annar maður að rannsaka draumaheiminn, en hann var Íslendingur og byggði sínar kenningar á lögmáli náttúrunnar. Þetta var dr. Helgi Pjeturss og var hann doktor í jarðfræði. Andlát hans bar að 1949. Dr. Helgi Pjeturss fæddist í Reykjavík 1. marz 1872. Faðir hans Pétur Pétursson var bæjargjald-

keri og móðir hans var Anna Vigfúsdóttir Thorarensen. Árið 1891 útskrifaðist hann úr lærða skólanum, tók próf í náttúrufræði við Kaupmannahafnarháskóla árið 1897 og hafði lagt sérstaklega stund á jarðfræði. Árið 1905 varði hann doktorsritgerð sína um jarðfræði Íslands í Kaupmannahafnarháskóla. Eftir að hann lauk prófi, fór hann til Grænlands í rannsóknarleiðangur og gat sér góðan orðstír fyrir skarpskyggni í jarðfræðilegum efnum og var hann þar í nokkra mánuði. Á leiðinni frá Danmörku veiktist hann alvarlega, vegna slæms aðbúnaðar á skipinu, og beið þess aldrei bætur síðan. Hann átti erfitt um svefn eftir það í mörg ár. Hann var því ekki vel fyrirhallaður í sínum fyrsta rannsóknarleiðangri og furðu sætti hver árangurinn varð hjá honum.

Síðan fór hann til Íslands og gerði þar nýjar jarðfræðilegar uppgötvanir og sannaði meðal annars að ísöldin hefði ekki verið samfelld. Frá árunum 1900—1910 komu ritgerðir eftir hann í hinum merkustu landfræði- og jarðfræðitímaritum þýskum, seinast 1912. Hann hélt fyrirlestra í Berlín 1908. Prófessor Penck, heims-kunnur maður á sviði landfræði og jarðfræði, vildi láta veita honum 8000 gullmörk í styrk fyrir rannsóknir hans, frá vísinda-félaginu í Berlín. Nokkru síðar, 1910 var hann fenginn til að rita um Ísland í hina miklu Handbuch der regionalen Geologie. Voru fremstu jarðfræðingar hvers lands fengnir til að semja þá bók.

Eftir 1913 hætti hann að mestu ferðalögum vegna jarðfræði-rannsókna, en lagði allan hug sinn og kapp að draumarannsóknum og stundaði þær í áraraðir. Hann taldi þessar rannsóknir meira virði en allt annað sem hann hafði áorkað í náttúrufræði. Hann skrifaði margar ritgerðir um þessar rannsóknir sínar. Síðar setti hann þær saman í sex bindi og nefndi þær, Nýall, Ennýall, Fram-nýall, Viðnýall, Sannýall og Þónýall.

Í bókinni Nýall bls. 230 skrifar hann. „Sannindi þessi sem enda munu gera á allri dulstefnu og dulrænu hefi ég fundið með sams-konar hugarstarfi, greiningu og tengingu hugmynda og athugana sem hafa varð til þess að finna að bergtegund, sem framúrskarandi jarðfræðingar höfðu talið eldfjallamóberg, en jökulmyndun sumt, en brotaberg annað. Hin vísindalega aðferð er í aðalatriðunum hin sama hvað sem rannsakað er og afrek manna í vísindum verða mest undir því komin hversu þeim gengur að bera saman og finna hvað er líkt og hvað er ólíkt.“ Í fyrstunni reyndust tilgátur hans ófullnægjandi þar til honum kom í hug að draumar væru kannski sambandsástand. Að myndir gætu flutzt frá heila til annars heila

á sama máta og hugsunarflutningur. Eftir fjölmörg ár varð honum ljóst að þessi skýring stæðist fullkomlega. Samfara því fann hann draumgjafann sem lifir atburði draumsins og oftast nær er hann á annarri stjörnu.

Undirstaða vísindanna er að sjá hvað er líkt og hvað er ólíkt, fá síðan rétta heildarmynd, með því að taka það sem líkt er og fella í myndina. Á sama máta rannsakaði dr. H. P. draumana. Samkvæmt kenningunni verða draumarnir til vegna hugsunar- og sjónflutnings á milli draumgjafans og dreymandans, þannig að það sem dreymandinn upplifir og sér t. d. landslag, fjöll, vötn, hús, menn og dýr er raunveruleiki, því ekki er möguleiki að sjá það sem ekki er til. Dreymandinn lifir þess vegna annars manns lífi, draumgjafans.

Margir af þeim vísindamönnum sem hafa lagt rækt við að rannsaka draumaheiminn, hafa að öllum líkindum farið þá villigötu að álíta að draumurinn sé tilkominn af hugsunar- og ímyndunarafli viðkomandi manns. Ef við athugum þetta nánar þá má komast að annarri niðurstöðu.

Við byrjum á því að hugsa okkur hlut eins og t. d. eldspýtu-stokk, skoðum hann í huganum og látum ímyndunina ráða, þá kemur í ljós að við sjáum hann ekki eins skýran í hugum okkar eins og við værum að horfa á raunverulegan eldspýtustokk. Það ber ekki á öðru en að heilastarfsemin nær ekki að framkalla eins skýra mynd í huganum eins og þegar horft er á hlutinn með berum augum. Nú breytum við til og göngum um stofugólfið. Við finnum hvernig fæturnir fara hvor fram fyrir annan og hvernig við sveiflum handleggjunum og gerum okkur fyllilega grein fyrir að við erum að ganga, þar sem tilfinning okkar fyrir því orsakast af hreyfingum þessum. Síðan setjumst við niður og hugsum okkur að við séum að ganga um gólf, þá kemur í ljós að við höfum ekki líkt því eins sterka tilfinningu fyrir því eins og þegar við framkvæmum það í verki. Eftir þessa athugun kemur greinilega fram, að það að hugsa sér eða ímynda sér eitthvert atvik er ekki eins skýrt og áþreifanlegt eins og að framkvæma það eða skynja það.

Við gerum eina tilraun enn og fáum beina aðstoð frá einum félaganum okkar. Þessi tilraun er ekki á meðfæri allra án æfinga. Sumir hafa þessa hæfileika frá barnsaldri en aðrir þurfa að þjálfast sig upp í það. Það er bundið tryggilega fyrir augun á einum og hann er látinn snúa baki að félögum sínum. Síðan tekur þú upp einhvern hlut, lítur á hann augnablik og færir hann síðan aftur

fyrir bak og hugsar um hlutinn. Eftir vissan tíma, segir sá sem er með bundið fyrir augun, hvaða hlut þú heldur á í hendinni og hann sér hlutinn á sama hátt og þú sérð hann í huganum. Þetta er hugsanaflutningur. Að þessu loknu tekurðu annan hlut, skoðar hann gaumgæfilega og einbeittir þér að honum. Eftir vissan tíma bregður svo við, að sá sem er með bundið fyrir augun sér hlutina eins greinilega og hann væri að horfa á hlutinn sjálfur. Þetta er sjónflutningur, hann sér með augum þess, sem horfir á hlutinn. Á sama hátt getum við dregið þá ályktun að draumarnir verði til. Það skulum við athuga nánar og bera saman við það sem kemur hér á eftir.

Í Nýal bls. 304 vitnar dr. Helgi Pjeturss. í draum sem bendir ótvírætt á sjón-, hugar- og tilfinningaflutning. „Einn morgun snemma er forstjóri dýragarðsins í Kaupmannahöfn, Júlíus Schiött, nafnkunnur maður, staddur hjá búi hvítabjarnarins og ber þá svo til að björninn bítur hann í fingurinn. En á sömu stundu dreymir einn af bestu vinum Schiötts, G. Pauli að hvítabjörn í dýragarðinum bítur hann. Pauli lifði í draumi það, sem Schiött lifði í vöku. Schiött var þarna draumgjafinn, og kann það hafa stafað nokkuð af því, að Pauli hafi verið mjög undir áhrifum þessa fjörmikla vinar síns. Menn undrast mjög slíkar draumsögur, og þá grunar ekki, að inngeislun frá öðrum líkama er einmitt eðli draumsins. Það er ekki draumur fyrr en samband er við annars meðvitund. Ef menn æfa sig nógu vel, þá má læra að athuga glögglega hvernig annarleg meðvitund fer að gera vart við sig þegar maðurinn syfjar. Fyrst koma myndir, líkt og skuggamyndir því að litirnir koma ekki fyrr en seinna — en sá sem er að sofna, veit ekki hvað þessar myndir þýða. Síðan, þegar maðurinn er sofnaður, þýðir hann þessar myndir eftir sínu heilafari, gerir úr þeim tómar missýningar, og heldur að hann sé að dreyma það sem honum er kunnugt úr vöku. En verði sambandið við draumgjafann fullkomnara, þá sést að hann dreymir vanalega það, sem honum er alókunnugt úr vöku og hann hefur aldrei um hugsað. Hann lifir meira eða minna í svefni aflagað, þar sem einhver annar lifir í vöku.“ Nýall, bls. 304.

Eftir þessa athugun og samanburð getum við áætlað með rökum að þegar maðurinn dreymir þá sér hann, og til að geta séð, þarf atvik. Ef við berum þetta einnig saman við radióútsendingar og móttöku, sést hvað það á mikið sameiginlegt og verður því ekki eins óskiljanlegt og áður. Útsendingarnar frá radióstöðinni fara eftir ákveðnum bylgjum til móttökutækisins, en hvað sem endur-

varpsstöðin er í góðu lagi, næst ekki góð móttaka ef móttökutækið er í ólagi. Allar hugsanir og allar sýnir endurvarpast eftir ákveðnum bylgjum sem og radíóútsendingar. Sjónvarpsútsending kemur fram sem sýn á viðtækinu. Á sama hátt er líklegt að dreymandinn sjái með augum draumgjafans.

Sennilegt er að martröð sé oftast skýrasti draumurinn. Þar sem draumamaðurinn lifir atvik draumgjafans svo raunverulega að stundum finnist honum hann vera reyrdur niður í rúmið eða að hann hafi þungt farg ofan á sér, þá hefur hann náð svo sterku sambandi við draumgjafann, að dreymandinn fær allar tilfinningar hans og þolir þær hörmungar sem draumgjafinn verður fyrir. Svipað dæmi höfum við í vökulífi þar sem sambandið er svo sterkt. Og tek ég dæmi um eineggja tvíbura, þar sem hæfileiki þeirra er áberandi mikill á þessu sviði og gerir það hversu líkir þeir eru og eiga margt sameiginlegt. Ef annar þeirra veikist og það alvarlega að hann þarfnist uppskurðar til að ná heilsu sinni aftur, er algengt að hinn tvíburinn fái verki og verði veikur af sjúkdómi á sama tíma, eða með öðrum orðum að sjúkdómslýsingin hjá honum er samskonar og veika bróðurins. En samkvæmt lækniúrskurði geta þeir ekkert óvenjulegt fundið, hann virðist alheilbrigður. Þegar uppskurðurinn er afstaðinn og sjúklingurinn frískur hverfa verkirnir samtímis hjá hinum bróðurnum.


Samkvæmt kenningunni hefur draumamaðurinn einnig samband við lífið í alheiminum, ekki bara við Tellus (vora frumlífsjörð) heldur við aðrar stjörnur, sem eru frumlífsjarðir og hafa orðið að berjast við ýmsa hina sömu örðugleika sem við hér á jörðu. Sumir eru komnir skammt á veg en aðrar hafa yfirunnið marga þá örðugleika sem jarðarbúar ráða ekki við nú á tímum. Þá ekki síður hefur sofandinn samband við þá staði, sem eru stjörnur og taka við eftir jarðneskan dauða (framlífsjarðir), þar sem sólin skín látlaust á sum svæði hnattarins, vegna þess að snúningur um möndulinn er enginn og sama hliðin á jarðstjörnunni snýr alltaf að sólu. Til eru staðir á beltum umhverfis hnöttinn þar sem kvöldroði eða morgunroði eru sífellt á himinhvolfinu. Einnig eru staðir þar sem myrkur hvílir yfir öllu, en þar er slæmt að vera og sumstaðar er svo slæmt að með ólíkindum er.

Allt líf á vorri jörðu yfirgefur hana með dauða sínum. Sá dauði er ekki annað en flutningur á milli staða, en skilur eftir sig líkamsleifar sínar, hismið. Hann fer úr því húsi í annað hús. Jarðneskur dauði er flutningur yfir á aðra stjörnu, til þeirra staða, sem honum

henta og þeirra manna, sem líkir honum eru að innræti. Þar mun hann fá líkama, sem honum hæfir að holdi og blóði og útliti, sem hans innræti segir til um. Það er þessi kraftur sem bindur tvíbura hvern öðrum, sem og systkini ásamt þeim öðrum, sem og systkini ásamt þeim öðrum, sem líkir eru og sameiginlegt eiga. Þessi kraftur leiðir einnig lífið eftir dauðann á þann stað, sem hverjum einum hæfir. Líkaminn myndast úr nýjum jarðefnum og þeim lífskröftum, sem fyrir hendi eru á viðkomandi stjörnu, ásamt eigin lífskrafti hins framlíðna. Slíkt hefur einnig gerzt hér á jörðu, er líkamningar myndast á miðilsfundum. Þá er sameiningin svo mikil hjá sitjurunum (fundargestum sem eru umhverfis miðilinn) að lífskrafturinn magnast og sameinast þeim krafti, sem sambandsmaðurinn (draumgjafinn) sendir frá sér til fundarmanna. Þessi lífskraftur er ekki svo magnaður á miðilsfundum, sem þarf, til að mynda fullkominn líkama af holdi og blóði.

Nú vil ég koma hér að merkilegum draumi er mig dreyndi aðfararnótt 7/11 '75. Hann er eftirtektarverður fyrir það, að draumgjafinn var að kveðja frumlífsjörð sína og fluttist síðan yfir á aðra stjörnu. Vegna þekkingar hans kom honum það ekki á óvart sem tók við. Einnig gefur þessi draumur sitthvað til kynna um þróun dýranna í framhaldslífinu. Skilaboðin er draumgjafi minn fékk frá skepnunni hafa líklegast borist á milli með hugsanaflutningi.

Í draumum var ég rúmliggjandi og við hliðina á mér sat systir mín og fylgdist með líðan minni, með því að fara höndum um líkama minn og segir síðan: Þú ert dofinn í bakinu og tel ég að þú eigir stutt eftir. Ég veit það, svaraði ég, ég er allur að dofna upp, og þótti mér það allt í lagi og sjálfsagt. Skömmu seinna vissi ég ekkert af mér; hafði ég þá sagt skilið við líkamann. Næst er ég vissi af mér, þá lá ég á einhverju túni. að var hálf rökkvað, blæja logn og hlýtt. Reis ég síðan upp og sá grasi gróíð engi svo langt sem augað eygði. Áttaði ég mig strax á því að ég var dáinn (jarðneskum dauða) og kominn á stað sem ég ekki þekki. Þá segi ég við sjálfan mig: En skrytið, þetta er alveg eins og ég hefi hugsað mér það. Meira minnst ég ekki, fyrr en ég er kominn á annan stað. Þá var umhverfis mig fámennur hópur af fólki af báðum kynjum. Hafði það skilið við á undan mér. Þetta fólk virtist ekki vita hvað beið þess, en það var þögult, einhver værd hvíldi yfir því. Eftir dálitla stund, er ég hafði horft á fólkið, segi ég við það, að það geti verið að einhver komi sem reyni að glepja fyrir okkur,



Kirlian myndir, gerðar í Bandaríkjunum, sýna útgeislun á fingurgómi amerískra huglæknisins Ethel De Loach, sem prófessor Douglas Dean rannsakaði. Myndin til vinstri sýnir fingurgóm huglæknisins, er hann var í hvíldarstöðu. Myndin til hægri sýnir fingurgóm huglæknisins, þegar hann hafði verið beðinn að hugsa um lækningu með „handayfirlagningu“. Þessi mynd sýnir meiri útgeislun frá fingrinum en hin myndin. Meðan á lækningu stóð, kom fram skær appelsínugulur bjarmi við fremstu liðamót fingursins.

en við megum ekki láta það hafa áhrif á okkur. Síðan finnst mér ég vera kominn dálítið afsíðis frá fólkinu. Tek ég þá eftir landslaginu, þarna var hæðótt og töluvert af trjám og bjart yfir öllu. Skömmu síðar kom til mín einhvers konar skriðdýr, nokkuð stórt, líkast skjaldböckum og þær töluvert stærri en við eigum að venjast. Kannski um það bil einn metri á hæð. Eitt af þessum dýrum talaði til mín og sagði, að ég ætti eftir að lenda í einhverju basli. Skildist mér þá að þessir erfiðleikar væru þesslegir að ég yrði sendur á verri stað. Þótti mér það svolítið undarlegt þar sem ég taldi mig ekki það slæman mann, en fannst það þó allt í lagi. Því að ég vissi að ég yrði ekki lengi þar. Gekk ég síðan til fólksins og sagði því skilaboðin, er ég hafði fengið. Við það vaknaði ég.

Ef við fylgjum kenningu dr. Helga Pjeturss. þá vitum við, eftir að hafa lesið þennan draum, að framhaldslífið er enginn anda-

heimur. Draumgjafi minn fluttist með dauða sínum yfir á aðra stjörnu sem var jafn jarðnesk og við eigum að venjast. Grasi gróið engi, holt og hæðir, skógivaxið landsvæði, einnig dýralíf sem lengra er komið eða þroskameira. Framhaldslífið er fyrirhugað sem vegurinn til lífsstefnunnar, að verða guði sem líkastur. Til að það geti orðið verður skilningur manna að vaxa á því. Óeining og stríð er vegurinn til helstefnunnar, þar sem allt það illa ræður ríkjum.

Stefna hvers einstaklings hér á jörðu beinir lífgeislun hans til þeirra stjarna, sem honum eru eðlisskyldastar, og til þeirra manna, sem honum eru líkastir. Þar mun hann endurlíkamast. Hann byggir sitt hús sjálfur með sínu líferni og getur því farið á margfalt verri stað en jörðin hefur nokkurn tíma verið, þann tíma sem maðurinn hefur búið þar. Eðli mannsins er að vilja vita, en ekki trúa án vissu.

Trúarbrögðin hafa til orðið vegna lífssambandsins, er æðri verur leitust við að beina jarðarbúum af rangri leið til lífsstefnunnar. Þessar verur höfðu samband við þá goðorðs- og spámenn, sem sögur fara af. Túlkunin (móttakan) byggist á þeirri þekkingu og fyrirframskoðun hvers og eins, er gerði það að verkum að þær deildust niður í marga flokka. Flokkar eru ótrúlega margir og allir hafa þeir sína spámenn, sem sáu sýnir og heyrðu raddir. Boðuðu þeir sína trú eftir sínum skilningi, en þeir töldu sína trú þá einu réttu, þar sem hún kom beint frá guði. Þeir gerðu sér ekki grein fyrir, að þeir gætu misskilið eitthvað af því, sem þeir sáu og heyrðu.

Þessar sýnir byggjast á sama lögmáli og draumarnir, að því leyti að þær eru úr vökulífi annars manns. Veruleikann sáu þeir eins og hann kom fyrir með augum draumgjafans. Eins og t. d. sýnin og spádómurinn um tortímingu jarðlífsins. Það var ekki jörðin sem spámaðurinn sá tortímast, við værum þá ekki hér í dag. Það sem hann sá var önnur jarðstjarna, sem tortímdist. Sýnin hefur líklegast verið fyrirboði, að okkar jarðlíf færi sömu leið, ef við fylgjum þeirri illu stefnu, þar sem óeining og stríð ræður ríkjum.

Spádómsmenn koma fram og spádómar verða til vegna lífssambandsins og eru fyrirboði þess, sem mun koma ef engrar ráðstafanir verða gerðar til að fyrirbyggja ógæfuna (ef hann er á þann veginn). Sumir rætast ekki, vegna þess að sambandsskilyrðin hafa verið slæm, svo að túlkunin eða skilningurinn á skilaboðunum verður

rangur, og einnig að atburðarásin hafði breyst í það horf að spádómurinn rættist ekki. Spámennirnir heyrðu raddir og sáu sýnir, eins og t. d. Anton Johannsson, finnskur bóndi og fiskimaður frá Lebesby. Hann vissi fyrir Titanic-slysið. Heyrði hann rödd sem sagði við hann að stórt nýtt skip, „sem heitir Titanic muni farast í fyrstu ferð sinni vestur yfir hafið. Hann sér jötunstórt eimskip rekast á fjalljaka, heyrði ógurlegan brest og jafnframt verður hann gagntekinn af angist.“ Sýn þessi rættist síðar í apríl 1912. (Sannýall bls. 5 H. H.).

Það sem hann sá var nútíð á annarri stjörnu en framtíð hér á jörðu, og birtist þessi sýn honum í vökudraumi til viðvörunar um þetta ógæfusama slys. Ef skilningur hans og annarra jarðarbúa hefði verið meiri hefði þetta slys aldrei gerst í sögu jarðar okkar. Allar líkur benda því til þess, að til séu verur, sem vita fyrir um atburði og geta haft áhrif á draumalíf mannsins, til að hann nái sambandi við atburði sem eru að gerast einhvers staðar í alheiminum, og veran veit, að gerast munu síðar á jörðinni og vill koma í veg fyrir það, ef þeir valda ógæfu. En oft á tíðum er stillisambandið ófullnægjandi vegna heilaástands móttakandans, er í það sinnið, ekki móttækilegt til að stillast inn á það samband, þar sem draumgjafinn lifir sömu atburði og henda mun dreymandann. Þá reyna verurnar að stilla dreymandann inn á það svið sem heilaástand hans nær og líkist þeirri upplifun sem henda mun hann. En oft á tíðum verður samlíkingin svo ógreinileg að hann áttar sig ekki á draumnum þegar hann vaknar og skilur því ekki viðvörunina.

Spádraumar hjá sofandi manni verða til á sama máta og vökudraumar, með öðrum orðum, sambandsástand milli þeirra og draumgjafans frá áhrifum fullkominna vera, sem vilja hjálpa okkur jarðbúum af vegi helstefnunnar. Það sem spáð er, er ekki það sem koma skal, aðeins það, sem mun koma, ef ekki verður annað að gert. Því lífsstefnan er að lifa sem lengst, læra sem mest og verða guði sem líkastur.

Endurlíkömun fer fram á þann hátt, sem um getur hér að framan, í draumsögu minni. En óefað ekki þannig að maðurinn fæðist aftur hér á jörðu. Misskilningurinn er fólgin í því, að ekki er vitað um draumgjafana. Ófreskir menn sem segjast hafa lifað hér á jörðinni áður, geta stundum lýst nákvæmlega lifnaðarháttum ákveðinnar manneskju, sem hefur yfirgefið þessa jörð með dauða sínum. Á þeim forsendum telja þeir sig hafa vissu fyrir endurburði

hér á jörðu. En önnur og haldbetri skýring er fyrir hendi. Það er sambandsástandið sem um ræðir. Minningarnar koma í huga hans, frá þeim framliðna, sem að öllum líkindum hugsar sterkt til gömlu heimkynna sinna og telur jarðbúinn þá, að þetta hafi verið hans líferni frá fyrra lífi hér á jörðinni. Vegna þess að áhrifin frá framhaldslifandanum eru það sterk að tilfinningar jarðbúans samræmast tilfinningum hans, telur maðurinn víst, að hann hafi lifað áður og álitur að tilgangur með endurfæðingunni hér á jörðu sé að bæta fyrir fyrra líferni sitt. Að öllum líkindum fer hann vegvillt, en að sjálfsögðu þarf hver og einn að bæta fyrir misgjörðir sínar, en ekki á þann hátt að endurfæðast hér á jörðu. Gleyska frá fyrra líferni þjónar engum tilgangi, þá er enginn möguleiki að læra af reynslunni.

Endurlíkamningin verður eftir flutninginn frá fyrra lífi, yfir á framlífsjörð, sem er einhver stjarna í alheiminum og til þeirra sem hann er í samræmi við. Þar fær hann líkama sem samsvarar fyrra líferni hans. Við höfum sambærilega líkingu hér á jörðu, hvernig maðurinn skapar útlit á framlífsjörð. Hann mótar andlit sitt eftir skapgerðinni, að oft á tíðum er mögulegt að lesa innræti hans eftir andlitsdrættinum. Þannig skapar hann útlit sitt í framhaldslífinu, sem getur orðið nánast sagt herfilegt. Hann hefur endurlíkama á þeirri framlífsjörðu, sem lífgeislinn frá honum beinist til fyrir dauða hans.

Lífgeislinn er sú orka, sem er uppistaða lífsins og streymir frá líkama mannsins og er oft á tíðum nefnd áran. Þessi orka er mismunandi mikil hjá hverjum einstaklingi og sumir hafa getað miðlað henni og notað til lækninga eða annarra kraftaverka. Þetta orð oft notað yfir atvik, sem talið er óskýranlegt og mæli á móti lög máli náttúrunnar og er því af sumum álituð vera tómur söguburður. En það segja aðeins þeir, sem ekki hafa rannsakað lífskraftinn. Hann sem var svo greinilegur hjá Jesú Kristi með sínum lækningum og öðrum kraftaverkum er hann gerði. En sagan segir að hann gat lítið sem ekkert gert í sínum heimahögum, og var það mjög eðlilegt, því þar var hann bara sonur smíðsins og hafði fáa áhangendur. Það þarf traust ákvedðins hóps margra manna sem miðlar lífskraftinum til hans og magnar hann upp og við þessa mögnun stillist hann inn á sterkt samband við æðri verur. Í goðafræðinni eru margar góðar lýsingar á lífinu eftir dauðann og baráttu goðanna gegn illum vættum. Meðal annars kom guðinn Þór mikið við sögu og hans megingjarðir er gáfu honum þennan mikla kraft. Að

álitu margra er átt við sérstakt belti sem hann spennti um sig miðjan. En svo var ekki. Það var lífgeislinn sem Óðinn og aðrir guðir sendu honum, svo að hann magnaðist upp og gat gert ótrúlegustu hluti.

Þorbjörn Ásgeirsson.

FORGANGA ÍSLENSKRAR ÞJÓÐAR Í LÍFSAMBANDSMÁLUM

Helgi Pjeturss kvað það vera hlutverk íslensku þjóðarinnar, að leiða mannkyn jarðar okkar til skilnings á sambandseðli lífsins, og þar með stuðla að björgun mannkynsins. Hann uppgötvaði fyrstur manna að sambandseðli þess er altækt. Allar lífandi verur hafa með nokkrum hætti samband sín á milli og hafa þar með áhrif hver á aðra. Og þetta samband nær ekki aðeins á milli lífvera þessa hnattar, heldur einnig á milli allra lífvera allra hnatta í öllum alheimi. Þetta er hið mikla samband lífsins. Svo víðfeðmt er sambandseðli þess.

Og hver áhrif hefur nú þetta altæka samband lífsins á líf okkar jarðarbúa? Frá mismunandi lífstöðvum á óteljandi hnöttum alheimsins berast okkur jarðarbúum áhrif, sum afmagnandi og spillandi en önnur magnandi og vitkandi.

Allir þyrftu að vita um þessi áhrif. Vitandi vits ættum við að leita sambanda við háþroskaverur, sem á öðrum hnöttum búa. Vita skyldum við, að aðeins með bættum lífsamböndum við slíkar verur er að vænta þeirrar hjálpar, sem duga mætti til að breyta hér um stefnu. Það dylst engum hugsandi manni að ástand heimsins í heild fer versnandi og stefnir í algjöra ófæru, ef svo heldur fram sem horfir. Stórum bætt sambönd við lengra komna íbúa annarra stjarna mundi vera eina leiðin til bjargar.

Íslendingar hafa alla möguleika á, að verða hér forgönguþjóð.

Hér gæti orðið það upphaf sem duga mundi til þeirrar breytingar, sem óhjákvæmileg er til farsællar framtíðar Íslendinga og allra annarra jarðarbúa.

Án aðsendrar hjálpar lengra kominna vina er ekki að vænta þeirrar breytingar sem duga mun til bjargar. Sem flestir Íslendingar og helst þjóðin öll þarf að skilja þessa möguleika og hafa vilja á að hagnýta þá.

Efling æðri lífsbanda er hið eina, sem leyst gæti hin marghátuðu vandamál jarðar okkar.

Ingvar Agnarsson.

NÝJA STJARNAN Í SVANINUM

Í almanaki Þjóðvinafélagsins 1976 er athyglisverð grein um nýstirnið 1975 eftir Þorstein Sæmundsson stjörnufræðing. Segir hann að jafnbjart nýstirni og þetta hafi ekki sézt hér á jörðu frá því árið 1942, en aðrir segja að aðeins nýstirnið í Perseífi 1934 jafnist á við það, enda náði birta þess 1. stigi, en það er á við björtustu stjörnurnar í Karlsvagninum.

Nýstirni þetta sást fyrst 29. ágúst 1975, og var það Japaninn Honda (sem margar halastjörnur hefur fundið) sem sá það fyrstur og sagði frá. Nokkrum klukkutímum síðar var þetta komið til stjörnuathuganastöðva um alla jörð, en þó skilst mér á grein eftir tvo unga stjörnufræðinga á Norðurlöndum (Astronomisk Tidskrift 1975, III) að þeir hafi verið búnir að sjá stjörnuna og athuga hana áður en fréttin barst frá Japan. Stjarnan stækkaði ört og náði fyrstu stærð. En þegar farið var að gá að upphaflegu stjörnunni — þeirri sem breytzt hefði í nýstirni — á ljósmyndaplötum stjörnuastöðvanna, fannst ekkert. Þetta þýðir að stjarnan hefur verið ákaflega dauf, það er langt í burtu, áður en hún sprakk, og áætla menn allt frá 2500 ljósárum til 10.000 ljósára sem lágmark, en líklegt er að stjarnan hafi þó verið enn fjær en efra lágmarkið. Ekki var þessi stjarna þó „súpernova“ eða ofurnýstirni, en það eru þær sólir sem tæst gersamlega í sundur, og skilja fátt eftir annað en orkumökk og ofurgeislun. Þegar um súpernovur er að ræða er hrunið algert, alveg til grunns, og í stjörnufræðilegu samhengi mætti láta sér detta í hug, að slíkt eigi sér aðeins stað þar sem helstefnan hefur gersamlega náð yfirhöndinni. Og eru sólsprengingar þó ærin slys þótt ekki sé því stigi náð, því að vitanlega þurrkast allt líf út einnig þar sem „venjuleg“ nýstirni koma fram, eins og var þarna í Svaninum haustið 1975. En þó að margt megi með réttu telja óvíst í þessum efnum, er ég fyrir mitt leyti ekki í minnsta vafa um að slíkar sólsprengingar er að rekja til sjúklegar eða helstefnukennrar þróunar lífsins á jarðstjörnum þeirra sólna. Það að stjörnufræðin segir ekkert af slíkum hlutum hér á meðal vor stafar einungis af því að hún hefur ekki náð að hefja sig á stjörnufræðistig.

Nýstirnið hvarf fljótlega fyrir sjónum manna hér, og er nú annaðhvort ósýnilegt eða aðeins sjáanlegt í beztu tækjum. Staður þess er ofanvert í Svansmerki, skammt fyrir „ofan“ stéltjörnunna Deneb þegar horft er aftur eftir svaninum, og þó aðeins vinstra megin við þá stefnu. ($D=47,57$ norðlægt, rektasension= 21 klst. 09 mín.).

Þýðing nýstirna í þekkingarframsókn frumlífsmannkynja.

Náttúrlega hafði það mikla þýðingu á sínum tíma að hnekkja þeirri trú að fyrir ofan kristalshvel mánans væru allir hlutir óumbreytanlegir. Jafnvel svo íhaldssamur maður sem Tycho Brahe hlaut að taka það til greina þegar hann uppgötvaði þessa afarbjörtu stjörnu árið 1572, að eitthvað væri þó að gerast „þarna uppi“. Gerðist Tycho síðan hinn athafnasamasti stjörnumælingamaður. Þó að ekki auðnaðist honum að komast á skilningsleið í þeim efnum, urðu athuganir hans mjög mikilvægar í höndum Keplers, sem lögmálin fann. Og Kepler fann einnig nýstirni árið 1604, og var það nærri því eins bjart og hitt sem Tycho fann.

Nú á dögum bætir stjörnufræðin svo óðfluga við sig nýjungum og nýjum tíðindum af því sem hinn mikli geimur býr yfir, að vera má að ýmsum finnist nóg um, og vitanlega hefur sú tilfinning alltaf verið til staðar að þetta allt kæmi okkur næsta lítið við. Þó að þetta sé ekki rétt, má vera að einhver glæta af sannindum sé í þessari tilfinningu, og þá einungis þannig, að menn finni að lífið vantar þarna. Menn finna þörfina á sambandi við lífið á stjörnunum, þó að þeir geri sér ekki grein fyrir því máli. Og þá kemur þessi tilfinning mest fram í óánægju með það sem of skammt nær.

Það getur haft hina mestu þýðingu ef okkur tekst að senda stjörnulíffræðilega hugsandi mönnum í öðrum sólhverfum tíðindi af nýstirnum hér, áður en þau koma fram þar. Það er orðið of seint að senda þeim sem búa í sólhverfi stjörnunnar Tá Seti (tá í Hvalsmerki) frétt af þessu nýstirni, því að ljósið frá sólsprengingu þessari náði þangað í október eða nóvember síðastliðnum. En þeir sem búa í Epsilon Eridani (hún er álíka stjarna og sól okkar, er af fjórðu stærð og kemur upp í austri nokkru fyrr en Óríon) mega eiga von á þessu ljóskeyti um það leyti sem haust verður næst hjá okkur (okt.—nóv.). Hver vill reyna að senda hugskeyti á undan?

Þorsteinn Guðjónsson.

FRÓÐLEG BÓK VARÐANDI ÁRUR OG SKYGGNI

Nýjar víddir í mannlegri skynjun heitir bók, sem ég las nýlega, og færði hún mér, þrátt fyrir þetta fremur leiðinlega heiti, ýmsan fróðleik, sem mér þótti fengur að. — Svo sem ég oft hefi tekið fram, þá skilst mér, að hin svokallaða skyggni byggist ekki á neinum sérstökum augnhæfileikum hinna skyggnu, heldur sé þar um sambandsskynjanir að ræða, og kemur þar því alltannað til greina en við framkomu líkamninga. Mun byrjun líkómunar ævinlega vera þoka eða móða, sem síðan tekur á sig ákveðið mót eða svip án nokkurs skynjanlegs eða ljósmyndalegs fyrirfara þar á staðnum. Var það út frá þessum andspíritiska skilningi mínum, að mér fór að þykja líklegast, að myndir af framlidnu fólki komi ekki fram eins og haldið hefir verið, og hefi ég þegar fengið nokkra staðfestingu á þeim skilningi mínum. Og hér er það nú, arþ sem er þessi nýlega lesna bók, að ég þykist einnig hafa fengið nokkra staðfestingu á því, að skyggni á árum eða útgeislun frá fólki, sé sambandsháð eða veitist mönnum einungis í sambandsástandi.

Höfundur bókar þessarar Shafica Karakulla, er sögð sérfræðingur í tauga- og geðsjúkdómum. Hafði hún, þegar bókinn var skrifuð, í ein átta ár fengist við rannsóknir á „æðri skynjunum“ eins og komið er þarna að orði. Og þó að mér við lestur þessarar bókar hennar yrði oft hugsað til þess, að „mennirnir muna ekki nógu vel eftir stjörnunum,“ þá er þar um að ræða margan góðan stuðning við það, sem leiða mætti til hugsunar út fyrir jörðina. Lætur hún sér jafnvel til hugar koma, að hið líklegasta til að bjarga þessu villuráfandi mannkyni yfir á betri brautir, væri aukin þekking og skilningur á raunveruleik þessarar furðulegu geislunar lífsins, sem ekki verði neitað að eigi sér stað. Segir hún frá ýmsum dæmum um, hve skynjanir hinna skyggnu hafi nákvæmlega komið hei mvið ástand þeirra manna, sem verið var að athuga og geislanin stafaði frá. En auk þessa er þarna sagt frá ýmsu venjulegu, en sem ekki gæti þó átt sér stað nema fyrir lífgeislunar-samband manna á milli. Man ég þar sérstaklega eftir einu dæmi um vanmagnan, sem stúlka nokkur varð fyrir vegna áhrifa frá annarri stúlku. Olli sú afmögnun um skeið sjúkleika hjá þolandanum, og skal nú nánar vikið að nokkrum köflum í bókinni.

Í kaflanum, *Á leið til nýrra sjónarmiða*, er minnzt á W. J.

Kilner, sem varðandi raunveruleik lífgeislunarinnar er vitnað til í Nýal. Var talið í þá daga, þegar Nýall var skrifaður, að fyrir ákveðna tækni hafi Kilner tekizt að sjá „árur“ eða geislablik fólks, og er fjarri mér að ætla, að þar hafi ekki verið um neinn raunveruleika að ræða. Er mér einmitt næst að halda, að maður sjái aldrei neitt án þess, að eitthvað hafi verið séð. Hinsvegar getur bókarhöfundur sér þess til, og kemur það fram aftar í bók þessari, að tækni hans hafi aðallega eða jafnvel aðeins orðið til þess, að vekja sjálfum honum skyggnihæfileikann á þessa geislan, því að ekki nema sumir af samstarfsmönnum hans hafi þar nokkuð séð. Hafði mér satt að segja fyrir löngu komið slíkt í hug, því að það fór að vekja furðu mína, að menn skyldu ekki nokkuð bráðlega fara að færa sér þessa tækni hans í nyt. Það má kalla ekki óeðlilegt, að menn væru seinir til að skilja og notfæra sér kenningu slíka, sem Nýall flytur. En gagnvart tækni eða tæki hefði átt að gegna alltöðru máli, því að þarna virtist mér ekki vera um samskonar tregði að ræða og gagnvart stjarnsjá Galileis forðum. Var það af þessu, að mér fór að þykja sem tækni eða tæki Kilners kynni að hafa verið eitthvað líkt sumu því, sem ýmsir spændur styðjast við, en hafa, þótt með hjálp þeirra leiðist stundum í ljós raunverulegir spádómar, í sér enga spávísi falda. En hvað sem annars líður þessari skyggnitækni W. J. Kilners, þá reyndist samskonar tækni annars manns, sem getið er um þarna í bókinni, á þennan veg. Virtist í fyrstu sem smíði eða „myndavél“ þessa manns væri hið merkilegasta tæki, því að hann leiddi með því í ljós ýmislegt raunverulegt varðandisamsetning í lifandi líkögum. Hinsvegar reyndist svo, eftir að hann hafði selt manni nokkrum eina af þessum „myndavélum“ sínum, að engar myndir komu þar fram, og skildist mér að svo hefði hvervetna reynzt, ef einhver annar en sjálfur hann beitti tækinu. Minnir þetta á ljósmyndatökur af framlíðnu fólki, sem svo mjög eru háðar einhverskonar stilliáhrifum sjálfs ljósmyndarans. Enda er þarna getið um enn einn mann, sem með einni saman hugsun sinni gat haft áhrif á ljósmyndafilmur án þess að nokkurt ljós kæmist þar að.

Eins og ég ef til vill hefi einhverstaðar vikið að áður, þá virðist ekki vera um að villast að guðirnir, sem birtust Helga Pjeturss, hafi verið líkamningar eða hafa líkamnast þar, sem hann sá þá, og er hið sama að segja um þá Goethe og Descartes, og væri þar þá eitt dæmið um raunveruleik slíks. Vitneskja Helga um ógurlega þrekraun, sem verið vri að vinna, og fyrirfarinn, ljóspoka, sem úr

varð skýr mannsmynd, benda eindregið til þess. Hinsvegar þykir mér sem sýn hans til vitringanna, sem honum þótti standa á hæð nokkurri, og konan, sem ljóshjúpurinn bylgjaðist um, hafi með einhverjum hætti verið sambandsýn, og skal nú vikið að frásögn af lækni nokkrum, sem segir af í umræddri bók. Er það í kaflanum, *Á slóðum hins óþekkta*, og er þar reyndar um ýmislegt fleira að ræða, sem óhjákvæmilega hefir verið tilkomið fyrir sambönd og samskynjanir við einhverja betur vitandi og betur sjáandi en jarðar-búar eru. En hvað lækinn snertir, þá er þar um að ræða mjög eftirtektarverða þróun frá skynjan í svefni til þess að fara að geta skynjað á sama hátt í vöku, og skal hér frá þessu sagt eins og það stendur í bókinni: „Hann sagði, að sig hefði í mörg ár dreymt um nætur að hann væri viðstaddur fyrirlestra í læknisfræði, og hefðu þeir einkennzt af vitsmunalegu og rökrænu samhengi, sem venjulega drauma skorti mjög, eins og kunnugt er. Ræddi hann þar við prófessora og aðra, sem viðstaddir voru fyrirlestrana, um ýmis læknisfræðileg vandamál. Var meðvitund hans, að því er honum sjálfum fannst, eins skýr og í vöku, og þegar hann vaknaði, mundi hann hvert smáatriði sem borið hafði við í draumnum. Á þessum fyrirlestrum var hann þjálfaður í að horfa gegnum efnis-líkamann og athuga starfsemi hans og ástand. Eftir að þessu hafði farið fram um nokkurn tíma, fór hann að uppgötva, að einnig í vöku var hann farinn að geta séð gegnum líkama sjúklinga sinna á sama hátt og í draumunum.“

Svo sem ljóst ætti að liggja fyrir, þá hefir hin röntgenlega skyggni læknisins orðið fyrir eitthvert áframhaldandi samband hans við draumgjafa sinn og féлага hans, sem ekki þarf að efa, að verið hafi íbúar annars hnattar, og er líklegt, að það áframhald hafi að einhverju leyti orðið fyrir vaxandi traust sjúklinga hans á honum. Er í kaflanum, *Sannar sögur af furðulegu fólki*, sagt frá dæmum um, hve traust annarra getur átt mikinn þátt í að magna fram aukna hæfileika, og hve það getur þó verið komið undir mátulega mikilli þagmælsku hlutaðeigandi varðandi sjálfa sig í þessu efni, að það traust takist. Er þar eitt skýrasta dæmið frásaga af Paul nokkrum, sem bókarhöfundur nefnir svo, og tekið hafði það fyrir, án þess að hafa aflað sér nægrar undirstöðupekkingar, að fást við rafmagnstækni, sem vísindalegrar þekkingar þurfti við. Hafði hann að vísu tekið þátt í stuttu námskeiði varðandi þetta starf og komið með ólíkindum áleiðis, svo að samstarfsmenn hans héldu hann vera þar háskólagenginn. Af sérstökum ástæðum var

hann svo eitt sinn á tæknimannafundi kvaddur til að taka til máls í stað annars manns, sem ekki var viðstaddur, og tókst þá með slíkum ágætum, að undrun vakti. Sagði hann frá því síðar, að þegar þetta gerðist, hafi hann séð fyrir sér það, sem um skyldi ræða, og að vísindaheitin hafi um leið komið sér óvitgefin og fyrirhafnarlaust. En sérstaklega virðist þó þessi hæfileiki hans hafa magnast, eftir að hann hafði hækkað í tign og álit og honum voru falin vandasamari störf en áður. Lauk hann þá eitt sinn sex til átta mánaða verki á aðeins einni viku og með mestu ágætum.

Þótt óneitanlega liggi það í augum uppi fyrir hinum nýalskaða Íslendingi, að þarna hafi verið um sambandskyn og sambandsmagnan að ræða, þá verður þess skilnings naumast eða ekki vart hjá bókarhöfundu, og mun því hafa valdið hinn ríkjandi sálfræðiskilningur eða skilningsleysi, sem ekki gerir ráð fyrir neinu slíku og þessi sálfræðimenntaða kona hefir eðlilega verið haldin af. Var réttilega talað um það af veðurfræðingi nokkrum í grein, sem birtist í einni af Lesbókum Morgunblaðsins í vetur, að skilningur sálfræðinga á miðilsfyrirbærum og öðru slíku væri mjög sambærilegur við hinn flókna og í rauninni lítt skiljanlega skilning stjarnfræðinganna á gangi reikistjarnanna, áður en leiðrétting Koperníkusar kom til sögunnar, og tek ég nú upp stuttan kafla úr bókinni, og stendur hann á bls. 92 til 93:

„Oft hefir það vakið undrun mína hve sumir þessara manna komu fram með merkilegar uppfindingar, sem þeir gera alveg án þess að hafa til að bera þá vísindalegu þekkingu, sem liggur þeim til grundvallar. Fyrir mörgum árum kynntist ég tæknifræðingi með mjög áberandi ESP-hæfileika og hef ég síðan fylgt með störfum hans. Hann getur séð atburði í fjarska, fundið duldar málmæðar í jörðu, sagt fyrir vísindalegar uppgötvanir og lýst þeim. Hann hefir getað sýnt með tilraunum tegundir orku, sem vísindin hafa ekki enn fundið eða getað skýrt. Hann er nú að fást við smíði tækis, sem byggist á áður óþekktum og ónotuðum vísindalögmálum. Stærðfræðingar og aðrir vísindamenn, sem séð hafa hverju hann hefur áorkað í gerð þessa tækis, segja að þetta sé ekki hægt. Það sem hann hefir afrekað, krefst í rauninni miklu meiri stærðfræðilegrar og vísindalegrar þekkingar en hann býr yfir. Sumir af vinum hans í hópi vísindamanna segjast vera í vafa um, hvort skortur hans á vísindalegru menntun og þjálfun sé honum lyftistöng eða fjötur um fót. Einn vina hans sagði: „Joe minnir mig á hunangsfluguna. Vænghaf hennar er of stutt og hún er of þung

til að geta flogið, en hunangsflugan veit ekki þetta og heldur áfram að fljúga.“

Ég hafði orð á því hér í upphafi, að heiti þessarar umræddu bókar væri fremur leiðinlegt, og kynni ýmsum að þykja það ástæðulaust, þar sem það liggur nokkurnveginn ljóst fyrir, hvað með því er meint. En leiðinlegt þykir mér það samt, og er það vegna þess, að það minnir mig svolítið á hina 4. vídd, sem ég aldrei hefi getað skilið sem neinn raunveruleik, en hinsvegar hefir, síðan trúnni á eter förlaði, orðið eitt aðalathvarf dulrænnar og ólýsisins. Í rauninni kannast ég ekki við, nema hinar þrjár víddir hvers hlutar, en vídd rúmsins finnst mér ekki vera nema ein, víddin sem frá hverjum einstökum blasir við til allra átta. Tal um sálfræðilegar víddir geðjast mér ekki. En til marks um hitt, að bókin sé fróðleg, er aftur á móti sú skemmtilega tilviljun, að ég skyldi þarna fyrsta fá að vita, að það fari fram úr viðurkenndum eðlisfræðimöguleikum, að hunangsflugan geti flogið. Mun sú geta hennar að vísu byggjast á öðru fremur en því að vita þar ekki af getuleysi sínu, því það að vita eða vita ekki, kemur þar naumast til greina. Hitt er líklegra, að utanaðkomin lífmögnun veiti henni þessa getu, og þarf þá naumast að spyrja varðandi tæknimanninn ólærða. Aðsend vitsmögnun hlýtur þar að koma til greina, og er slíkt sem þetta þó ævinlega háð ákveðnum lögmálum eða skilyrðum. Til þess að meir en venjuleg líf- eða vitmögnun eigi sér stað hjá einhverjum, þarf hann að njóta að einhvers fylgis eða þátttöku í hóp, þar sem samstilling einstaklinganna væri ekki ólík því, sem á sér stað innan eins býflugnabús. En þó að ég viki að þessu vegna innskotsins varðandi hunangsfluguna, þá er aðalatriði þess fróðleiks, sem bókin veitti mér, varðandi skyggina á lífgeislanina. Er ég nú vissari um það en ég var, áður en ég las bókina, að einnig þessi skyggni muni einungis veitast fyrir sambönd, og að hér sé því fremur um einhverskonar skyn að ræða fremur en sjón, eins og líka kemur fram í frásögum sumra hinna skyggnu. Til þess að „sjá“ þessa geislan, sem heita má að sé nú orðin sem veruleiki ámóta vel sönnuð og aðdráttarkrafturinn, virðist sjáendur þeirra ævinlega hafa þurft að komast í ákveðið ástand, sem mér þykir óhjákvæmilega hafa hlotið að vera einhverskonar sambandsástand. — Bókarhöfundur segist hafa tekið eftir því, að augnaráð hinna skyggnu hafi breyttzt, orðið meir starandi en venjulega ásamt því, að sjáöldur augna þeirra hafi stækkað, og vakti það mér þá spurningu, hvort þar hafi þá ekki

verið merki þess, að um einhverja sérstaka augnmögnun hafi verið að ræða. En hvort sem svo hefir þarna verið eða ekki, þá kemur slíkt ekki til greina varðandi fjarsæi. Og nú ætla ég hér að lokum að segja frá því, sem Guðmundur Þorsteinsson á Klafastöðum sagði mér fyrir skömmu. Sagðist hann eitt sinn hafa stillt stúlku, sem gædd hafi verið skyggnihæfileika, til þess að sjá ákveðna sýn. Var það minnir mig einhver sérstkur atburður, sem hann hafði þá í huga, og var víst eitthvað í samræmi við hann, sem stúlkan sá. Tók Guðmundur þá eftir því, að augnaráð stúlkunnar breyttist, og þóttist þá vita, að hún væri í skyggniástandi. Sagði hann henni svo, hvað hún hefði séð, og undraðist hún yfir því, að hann skyldi vita það. En þar sem mér skilst, að sýn þessi hafi einungis getað verið eitthvað fjarskynjað, þá hefir þessi augnaráðsbreyting stúlkunnar fremur stafað af óvirkni augna hennar en hinu gagnstæða.

Þorsteinn Jónsson á Úlfstöðum.

M Y R —

Spakmæli og snilliorð úr ljóðum Þorsteins Jónssonar á Úlfstöðum.

Og heldur kýs ég hið harðasta ok
en hugurinn verði ekki frjáls.

Og þeim finnst þyngst að deyja,
er þroska mátti ei ná.

Ranglætínu enginn með röngu hrundið fær.

Það aðgæt: hvað þú öðrum gafst, það ertu sjálfur.

Sá einn, sem brennur, er bjartur og hreinn,
þeim blæðir hjarta, er skín.

Sá hlífist við engu og hræðist ei neitt,
sem hlær í brennandi kvöl.

Líf mitt er falið
í ljóði mínu.

Fyrirbæri

UM HVARF Á FISKISPAÐA

Maður nokkur, Ragnar Elinórsson, Skarðahlíð 28, Akureyri, sagði mér fyrir skömmu frá hvarfi fiskispaða með ólíklegum hætti. Hann var alltaf að hverfa öðru hvoru og kom alltaf á sinn stað aftur, þar sem áður hafði verið leitað. Þetta var á heimili hans, þegar hann bjó að Áshlíð 4, Akureyri. Eitt sinn hvarf hann alveg í um það bil tvö ár.

Árið 1973 eða 1974 dró Ragnar út eldhússkúffuna, sem oftast. Þá voru í henni örfá hnífapör, sem lágu sín til hvorrar hliðar, en engin í miðjunni. Þegar hann horfði ofan í skúffuna, kom skyndilega upp í huga hans spurningin: Hvar skyldi fiskispaðinn vera niðurkominn? Þá kom nokkuð einkennilegt fyrir. Hann sér allt í einu skaftið á fiskispaðanum í miðri skúffunni, þar sem ekkert var áður, og síðan var engu líkara en spaðinn skytist fram úr skaftinu. Þarna var fiskispaðinn kominn aftur á sinn stað, eftir að hafa verið týndur í um það bil tvö ár.

Oft hefur það gerst að hlutir hverfa en finnast síðar þar sem áður hefur verið leitað. En sjaldgæfara er að menn verði vitni að því þegar hlutir efnast á nýjan leik í sinni upprunalegu mynd. Þetta kallast hamfarir. Þá efnast hluturinn og myndast á öðrum stað.

Þorbjörn Ásgeirsson.

MÁTTUR HEIMPRÁRINNAR

Nýalssinni, búsettur erlendis skrifar:

„Ég hafði ákveðið að koma heim til Íslands ekki alls fyrir löngu til að gera viðskiptasamninga við nokkur íslensk fyrirtæki. Þar sem alllangur tími er nú liðinn síðan ég hef heimsótt gamla Frón, hlakkaði ég mjög til að koma. Ég var búinn að „planleggja“ hverja mínútu ferðarinnar, og ofarlega á blaði var að heimsækja ykkur á Álfrólsvégi. Ég á fjögur börn heima á Íslandi, sem mér þykir ákaflega vænt um, og jók það á tilhlökkun mína.

Jæja, miklar annir hjá mér sáu til þess, að ég komst ekki og er ekki viss um, hvenær ég kemst til að sinna þeim erindum sem bíða mín heima.

Kvöldið, sem flugvélin fór heim til Íslands, sú sem ég ætlaði með, sat ég heima í heldur leiðu skapi. Ég sá í huganum hvert það skref, sem flutt hefði mig nær Íslandi. T. d. klukkan þetta og þetta hefði ég verið að stíga um borð og klukkan þetta væri flugvélin að lenda og ég sæi börnin mín, systur mínar og móður bíða mín á flugvellingum.

Til að gera langa sögu stutta, þá átti vélin að lenda um kl. 01:30 á ákveðnum degi (klukkan hérna er 5 klt. á eftir klukkunni á Íslandi). Um tveimur tímum áður en flugvélin lenti á Íslandi, hafði ég litið á klukkuna mína, sem er rafeindaúr, og sýndi hún þá nákvæmlega réttan tíma eins og vanalega. Jæja, þegar hér var komið leið mér vægast sagt illa, — sérstaklega þar sem ég vissi, að börnin mín höfðu beðið þess með óþreyju að sjá mig.

Næst þegar ég leit á úrið um klukkutíma seinna sýndi það 01:23, en átti þá að sýna mér 20:10. Og þar sem 01:23 er dagurinn á eftir þeim sem ég var að upplifa, sýndi úrið að nú var sá dagur sem ég hefði átt að lenda á Íslandi.

Ég áttaði mig fljótt á því hvað gerzt hafði. Það er að segja: ég hafði verið þar sem ég var búinn að ákveða að vera, og tilfinningin fyrir því hafði verið svo sterk, að einhvernveginn fór svo að ég hafði áhrif á úrið mitt. Hvernig sá þáttur þessa atviks skeði, er ég ekki viss um . . . Þess skal getið að ég hafði samband við flugfélagið í New York og spurðist fyrir um komutíma þessarar vélar. Svárið var: „Um kl. 01:30“.

Ef þér finnst þetta prenthæft, þá fáðu það prentað í Lífgeislum

hjá Ingvari. Eins ef þetta gæti komið af stað „bollaleggingum“ á fundi þá væri gaman að fréttu af því.“

Karl Vernharðsson.

Aths. Um þessa frásögn vil ég fyrst segja það að mér þykir hún mjög athyglisverð, og benda til „psychokinetiskra“ hæfileika sögumanns, þ. e. þess að hann gefur skilyrði til þess að hreyfi-fyrirbæri geti gerzt. Ég tel ekki rétt að segja að hann hafi hæfi-leika til þess að framkvæma slíkt (að eigin vild), heldur hitt, að þau geta gerzt í sambandi við hann. Slíkir hæfileikar eru óefað miklu tíðari en ætlað er, og í mannfélögum sem stefna til full-komnunar, eru þau eðlilegur og sjálfsagður þáttur í allri framvindu lífsins, og öllum er þar ljóst að þarna kemur til greina aðstreymi kraftar frá æðri verum á öðrum stjörnum.

Í öðru lagi finnst mér það eftirtektarvert, að frásögnin virðist benda til þess að tilfærslan á klukkunni hafi ekki komið alveg heim við tímamismuninn á New York og Reykjavík (5 klt.). Þó kemur þetta ekki alveg skýrt fram. Ég verð að játa að ég hefði heldur „viljað“ þ. e. það kæmi betur heim við skilning minn, að klukkan hefði flýtt sér um nákvæmlega 5 klt. (og gengið síðan 5 klt. á undan staðarklukkunni eftir það). Ef þetta hefur gerzt á mínútunni 20:10, eins og orðin benda til, þá hefði rafeindaúrið þar með verið orðið á undan íslenzku klukkunni. En nú voru tilfinningatengsl og fyrirætlanir sögumanns fyrst og fremst við íslenzka aflsvæðið, og hefði því helzt mátt búast við náinni samstillingu við það. — Ég er búinn að skrifa sögumanni fyrirspurn um þetta, en ekki búinn að fá svar, en vil þó ekki bíða eftir því, vegna þess hve sagan er merkileg.

Í þriðja lagi þykir mér þetta líklegast um formbreytingu úrsins: Ég býst við að það gerist á mjög stuttum tíma (e. t. v. þó nokkrum sekúndum). Ég get látið mér detta í hug að efni úrsins breytist í e. k. orkuský sem snöggvast. Þegar efnistakan verður á ný er úrið komið í samræmi við það aflsvæði sem dregur eiganda þess til sín. Sbr. peðið sem Ásgrímur Lúðvíksson sá myndast yfir taflborðinu.

Að lokum vil ég þakka Karli Vernharðssyni fyrir þessa greina-góðu frásögn, og vona að birting hennar verði til að bæta sambandsskilyrði hans í hinum nýju heimkynnum. Það er það sem við þurfum öll með, að sambandsskilyrðin batni.

Þorsteinn Guðjónsson.

TIL STJÖRNUNNAR

Þú stjarnan mín við skýja skaut,
á skærum himinboga,
svo hrein á þinni bláu braut
þú brunar fram með loga,
og þegar alt er orðið hljótt
og alheims kyrð og friður,
þá horfir þú um heiða nótt
af himni þínum niður.

Og nú er miðrar nætur stund,
og nú er geimur hljóður,
því lífið festi blíðan blund,
sem barn við skautið móður,
og unír þar við eilíft ljós
í ástarsælum draumum,
uns eygló sendir roðarós
frá rauðum austurstraumum.

En þú ert eina unun mín,
er einn og hljóður vaki;
hve sárt mun verða að sakna þín
að svörtu fjallabaki;
en þótt þú bíðir nú í nótt
á næturhimni köldum,
þú verður hulin helst til fljótt
af holum vesturöldum.

Þorsteinn Erlingsson
(f. 1858 — d. 1914).

Draumar

Draumur um heimsókn frá öðrum hnetti

Mig dreymdi að ég væri staddur á hlaðinu heima í Hlíð. Það var komið fram yfir miðnætti og dimmt orðið fyrir nokkurri stund. Ég taldi mig þurfa að fara upp að fjárhúsum, sem eru skammt fyrir ofan bæinn, og dvelja þar eitthvað fram á nóttina.

Bregður nú upp fyrir mér allskonar rauðlitum bjarma rétt sem snöggvast. Var þetta að sjá eins og 4—5 misstórar ljóskringlur hálfsmvaxnar. Þessari sýn fylgdu mjög góð áhrif, og fannst mér að ég þyrfti ekki að kvíða að vera einn úti um nóttina, þar sem ég þóttist viss um að þetta væri aðeins byrjun á mjög góðu sambandi.

Ég hitti nú menn þarna á hlaðinu og fékk að vita að það mundi vera óþarfi að ég færi upp að fjárhúsum þá um nóttina. Ég gekk því inn í bæ, en þar hafði fólk, sem inni var, komið auga á 4 eða 5 ljóskringlur, sem svifu í áttina að bænum frá suðaustri. Þegar þær voru komnar alveg heim að bæ sáum við greinilega að þetta voru eins konar þokuhnoðrar, sem snerust, þeir voru kringlulaga og og sporöskjulaga frá hlið að sjá. Að ummáli virtust þeir vera um það bil $1\frac{1}{2}$ metri, en þykktin u. þ. b. 50—70 cm.

Fljótlega kom að því, að ljóshnoðrarnir hurfu fyrir húshornið og upp í hlaðið við hliðina á húsinu. Ég sagði þá við bróður minn að nú skyldum við hafa hraðan á og taka myndir af þessum fyrirbærum; það gæti orðið mikill fengur að því. Við hröðuðum okkur út á hlað með myndavélar, en þá voru tveir hnoðrana að hverfa, og úr hvorum þeirra myndaðist fugl. Fuglar þessir voru blá- og rauðflekktóttir og mjög skrautlegir. Við tókum myndir af fuglunum, þar sem þeir flögruðu þarna um, en síðan sneri ég mér að einum hinna hnoðrana, sem eftir var, til að mynda hann. Var þá mannshöfuð tekið að myndast í miðjum hnoðranum, og líkamnaðist síðan maðurinn tiltölulega fljótt að fullu.

Nokkuð var útlit mannsins mér eftirminnilegt. Hann var hár

og mikill vexti með mikið og fagurt ljóst hár, greitt aftur. Var hann hinn göfugmannlegasti og stafaði allmikilli birtu frá honum. Annar maður líkamnaðist líka þarna. Var hann dökkhærður og hávaxinn. Af honum stafaði einnig allmikilli birtu, en að öðru leyti veitti ég honum ekki eins mikla athygli.

Við heilsuðum gestunum, sem við töldum vera frá öðrum hnetti, og tókum þá tali. Málið, sem þeir töluðu, höfðum við aldrei heyrt áður, en þó skildum við það sem þeir sögðu alveg eins vel og það væri okkar móðurmál. En hins vegar veitti ég því athygli að jafnskjótt og viðmælandi minn hafði sleppt orðinu, var ég búinn að gleyma merkingu hinna einstöku orða. Ég var ákaflega glaður yfir því, að svo stórkostlegir atburðir skyldu hafa gerst, og hugsaði mér gott til glóðarinnar að geta birt frásögn af þessum atburðum, ásamt myndum, í Lífgeislum. Var draumurinn þá ekki lengri.

Ég vil nú minnast á nokkur atriði í þessum draumi, sem mér þykja verð frekari athugunar.

1. Í þessum draumi eru nokkrar rangþýðingar. Eins og áður segir fannst mér ég vera staddur heima hjá mér, en ekki gat ég séð nokkurn mun á húsaskipan eða landslagi. Ég hef hins vegar tekið eftir því, að ef mig dreymir að ég sé staddur í myrkri eða skuggsýnu á einhverjum stað, sem ég þekki vel úr vöku, hef ég sjaldnast tekið eftir neinu frábrugðnu í landslagi. En ég held að það sé undantekningalaust að ég veiti athygli einhverju frábrugðnu í staðháttum í draumum, sem gerast að degi til. Þetta er ef til vill ekki svo óeðlilegt, þar sem sjónskynjun draumgjafans virðist komast betur til skila, heldur en hugsanir eða minningar. En í myrkri er sjónskynjun draumgjafans á umhverfinu eðlilega veik, og kemst illa til skila til draumþegans.
2. Í byrjun draumsins gaf mér að öllum líkindum sýn til þess hnattar, sem gestirnir komu frá, og er mjög athyglisverð víska draumgjafans um að frekara sambands við þessar verur væri að vænta.
3. Athugun draumgjafans á svífandi þokuhnoðrunum var mjög nákvæm, og þykir mér sennilegt að þeir hafi líkst allnokkuð svokölluðum „fljúgandi diskum“. Ekki væri heldur fráleitt að lýsa þokuhnoðrunum, sem digrum vindlum frá hlið að sjá, eins og fólk hefur lýst flugfyrirbærum að undanfögnu.
4. Ég tel þennan draum minn varpa nokkru ljósi á eðli flugfyrirbæranna, sem sést hafa að undanfögnu, að þau séu einmitt líknamningareðlis.

5. Fuglarnir, sem líkömnuðust þarna, hafa að öllum líkindum verið með í för, til þess að greiða fyrir samböndum.
6. Mjög var fróðlegt, hvernig draumgjafi minn gat skilið mál gestanna, en tapaði niður öllu öðru en hugsuninni, sem lá að baki orðanna, samstundis og þeir höfðu lokið máli sínu.
7. Ég vona að draumgjafi minn hafi birt vandaða frásögn af þessum atburði í Lífgeislum síns hnattar. Að sjálfsögðu getur verið að um rangþýðingu sé að ræða að þeirra tímarit um sambandsmálefni beri sama nafn og okkar, en þó gæti það verið hliðstætt.

Páll Steinarsson, Hlíð.

„Þunglega þjarma raunir, ef eta skal Skáldu.“ — Draumur

Mig var að dreyma. Mér þótti ég vera uppi eins og á einhverri liðinni tíð, þar sem skinnbækur væru algengar og í metum hafðar. Mér þótti og sem hallæri mikið væri í landi og hungursneyð, svo að fólk jafnvel neyddist til að leggja sér til munns margt óæti. Fornar skinnbækur væru þar ekki undanskildar. Fann ég til með fólkinu, að neyð þess skyldi vera svo mikil. En sárast þótti mér um skinnbækurnar, ef þær yrðu etnar, því þær væru óbætanlegar. Mér þótti einhverjir menn vera þarna hjá mér og ræddum við með áhyggjum um ástandið. Ég þóttist segja: „Þunglega þjarma raunir, ef eta skal Skáldu.“ Vaknaði ég við þessi orð.

Ingvar Agnarsson.

(Dreymt 4. ágúst 1976).

Draumur um eigið útlit í spegli

Mig dreymdi, að ég væri að ganga inn á salerni með spegli, sem var þar. Þegar ég leit í spegilinn, var ég að furða mig á því, hvað ég væri ljóshærður og búlduleitur. (Undirritaður er dökkhærður og grannleitur). Er ég virkilega svona útlítandi? fannst mér ég hugsa. Við það vaknaði ég. En það tók mig svolitla stund að velta þessu fyrir mér í draumnum. Salernið var nokkuð stórt, svipað því sem gengur og gerist í samkomuhúsum. Það er hugsanlegur möguleiki að draumgjafi minn hafi verið hér á jörðinni.

Þorbjörn Asgeirsson.

Sambandsfundir

Úr miðilsfundi 26. nóvember 1973

Ari fróði. (Sveini): Komið sæl. Hafið þið gott samband fengið í kvöld, eða þó nokkuð greitt, en það er þó ekki laust við, að samband vilji verða meira og minna slitrótt, þegar dregur úr kraftinum. En þeir sem hér tala við ykkur framliðnir, munu hafa fullan hug á, að tala svo, að telja megí frambærilegt. Og skýrt þarf þetta að geta orðið allt. Ég er að vona, að geta talað við ykkur, svo að skýrt reynist. Ég er ekki ókunnur að öllu á ykkar landi. Fornmaður er ég, og get ég ekki sagt annað, en að ég hef vonað, að hér yrði hægt að hafa fullkomið samband við íslenska menn og við þjóðina í heild þyrfti að verða fullkomnara samband. Rangar hugmyndir hafa menn um framlífið. Gera þeir sér í hugarlund, að það sé utanvið heim stjarnanna og sé á einhverju dularfullu sviði, utanvið skynjanlega tilveru. Nú er því svo farið, að hugmyndir þjóðanna um framlífið munu vera slíks eðlis eða í þá átt meðan svo er, er ekki við því að búast, að skilyrði séu fullkomin hér, þó vona megí, að úr muni rætast og að hin rétta hugmynd og þekking, sem hér er nú framkomin á Íslandi, muni sigra og meirihluti þjóðarinnar tileinka sér þann skilning og viljinn á að notfæra sér hana, verði æ meiri. Nú er því ekki að heilsa, sem ýmislegt bendir til, að hugur manna hafi náð að komast til stjarnanna, verulega. Þetta er nú erfitt og vandasamt, að hafa áhrif á ríkjandi hugmyndir og leiðrétta þær. Þarf samt að reyna sem hægt er til að vekja athygli á íslenskum uppgötvunum, líf-fræðilegs eðlis, og það er liggur beint við, til skilnings þeirra er taka að hugleiða málið, það er það, að lífið heldur áfram á öðrum hnöttum, eins og þið munuð skilja . . . Það er hið eina hugsanlega, þar sem rétt er athugað . . . Nú er ég íslenskur maður, ekki með öllu ókunnur Íslendingum, minningarnar eru tengdar atburðum og atburðir skapa söguna og sagan er efniviður þróunarinnar. Á

Íslandi er sagan rituð af meiri snilld en annarsstaðar. Ég er Ari, sem kallaður var fróði. Hafði ég til míns ágætis nokkuð . . . Heimildir segja um mig, að ég vildi hafa það er sannara reyndist. Það þurfa Íslendingar að tileinka sér. Það er nauðsynlegt, að hafa rétta undirstöðu, en ekki vanvísindi.

Andrés Andrésón, (Sveini): Komið sæl, Andrés Andrésón. Ég er að vona, að þið viljið hlusta á ræðu mína, ef ég gæti nú eitthvað sagt. Ég er nú að reyna að hafa áhrif á hluti hér og á fleiri öðrum hnöttum. Nú er hér í kvöld tilraun gerð til að ná til ykkar frá öðrum hnetti í vetrarbraut ykkar, og þar sem sá hnöttur er, eru menn ákaflega samstilltir um það, að senda kraft til jarðar ykkar og magnan til manna á jörð ykkar, ef einhver möguleiki væri til að veita þeim krafti viðtöku. (Spurning: eru nokkrir sjúkdómar þarna hjá ykkur?). Ég hef ekki enn haft neitt af því að segja sjálfur eða veit til að aðrir hafi af því að segja hér. Orku ykkar er ábótavant mjög og veldur það meðal annars sjúkdómum og ýmsum miklum þjáningum. Undirstöðuatriði er, að uppgötva þessa möguleika, að þiggja orku frá lífmögnuðum mannkynjum. Ef nægilega væri leitað eftir þeirri orku og með samstilltri viðleitni fjöldans, gæti greiðst fyrir í þeim efnunum. Samkvæmt stillilögmalinu, þarf að verða hér almenn samstilling, til þess að um verulegar framfarir gæti orðið að ræða á þessu sviði. Ég, Andrés Andrésón, hafði í frumlífi sambandshæfileika talsverða, vissi hvað öðrum leið, skynjaði framliðna vini, og fékk frá þeim vitneskju, án þess að skilja það samband. En nú veit ég betur um framlífið, sem ég er nú reynslunni ríkari. Er ég nú líkamlegur á öðrum hnetti. Þýðingarmikið er, að vituð séu skil á þessum efnunum. Reyni ég að hjálpa mörgum, en erfitt er að koma sér við. Þegar hér tekst, að koma fram því, sem þarf, mun einnig greiðast fyrir annarsstaðar. Ætla ekki að tala meira nú. Verið sæl.

Halldór Halldórsson, arkitekt. (Sveini): Halldór Halldórsson, komið sæl. Nú er ekki orðið svo langt síðan ég talaði hér síðast við sitjara á fundi ykkar. Það er mér ánægjuefni, að geta náð sambandi við ykkur í kvöld, stutta stund. Annars er það ekki svo auðvelt sem skyldi reyndar að koma sér hér við að tala. Enn er hugur minn á ykkar málefni ekki lítill. Hér er svo mikið og stórkostlegt málefni, að það verður varla of sterkt að orði kveðið um nauðsyn þess, að því muni framgengt verða. Langar mig nú til að segja örfá orð, um það atriði er snertir hugmyndina um, hvort það sé um að ræða að menn hafi átt sér fortíilveru, eða

hvort menn hafi lifað hér áður og séu endurbornir. Þetta er skaðlegur misskilningur, sem þessi kenning veldur. Hafði ég ekki gert mér þetta fullljóst áður. Hélt að ef til vill mundu menn fæðast aftur á jörð, þar sem þeir hefðu áður lifað. Þetta kom af því, að menn höfðu endurminningar um fyrri tilveru. En þetta er sambandseðlis. Ég hef séð menn koma hér fram, líkamnast, og er oft mjög ánægjulegt, að vera viðstaddur slíka viðburði hér. Margir átta sig ekki fyrst í stað. Við reynum að útskýra þetta fyrir þeim, og tekur oft nokkurn tíma, uns þeir láta sér skiljast, að um er að ræða líkamlegt líf á öðrum hnetti og óskylt því, sem þeir áður héldu. Tefur það oft fyrir því, að þeir skilji hið rétta. Koma þeir oft fram á bersvæði úti, þó ekki alltaf. Í húsum og í sérstökum stofnunum gerist þetta líka. Líkamningin er stundum erfiðari, ef um hefur verið að ræða erfiða sjúkdómsbaráttu. Orka til að skapa hinn nýja líkama er þá ekki eins mikil. En alltaf er hægt að hjálpa öllum, svo að þeir fái hraustan og fagran líkama.

Hér eiga sér stað ástir og afkvæmi sem afleiðingar þeirra. (Spurning: Er það á sama hátt og hér?). Enginn munur er á því og hjá ykkur á sér stað, en ástalífið er hér á hærra stigi og farsældin meiri. Hér er þjáning, samfara ástum mun minni en þið þekkið. (Spurning: Hvernig er með framfarir barna hjá ykkur?). Þau þroskast hér á svipaðan hátt. Svipaður tími fer til að byggja upp líkamann, að koma upp fullþroska manni, tíminn verður svipaður, en líkaminn fær meiri orku. (Spurning: Hvað er um meðgöngutímann að segja?). Meðgöngutími kvenna hér, er svipaður og hjá ykkur. Þetta er nú víst ekki nógu vel svarað að öllu leyti, en mætti bæta úr því síðar, verið sæl.

*Ingvar Agnarsson
ritaði jafnóðum og talaðist.*

Miðilsfundur 10. október 1976.

Sigurður Ólafsson (Sveini): Sæl og blessuð. Hér eruð þið komin saman í stöðinni, í salnum, þar sem ég oft var að reyna að samstillast með mínum góðu vinum, þeim, sem þar sátu með mér, og vildi þar fá samband við aðra hnetti. Sigurður er maðurinn sem talar. Ekki veit ég, hvort ég get haft tök á að koma til ykkar miklum fróðleik, þótt af miklu sé að segja. Ég er mjög eindregið vísindalegur í hugsun, eða vil vera það á framlífsjörð minni. Hér eru vísindi á framfarabraut, og hafa menn hér fullan skilning á að auka þar við. Þetta getur bætt lífið og lífið á að þróast að góðvild og viti, ávallt betur, og veit ég að vísu, að ekki getur þekkingin ein öllu breytt, sé góðvildin ekki í liði með henni. Þetta vitið þið, en því má ekki gleyma, að hvorugt er fullnægjandi eitt sér. Framfarir í þekkingu ættu að auka mönnum skilning á því, að góðvild er nauðsynleg, eigi líf að ná fullum framförum.

Hér er margt, sem fræðast mætti um. Og mundu ýmsir fræðimenn vera fúsir á að koma fræðum sínum til ykkar, ef þeir sæju sér færi á. Fylgst er með framförum á ykkar jörð. Hér er um að ræða tilraun í þá átt, víðtæka tilraun, ekki tilviljandakennda heldur vel undirbúna og skipulagða. Kraftur margra einstaklinga getur haft talsverð áhrif. Þar sem sérstök skilyrði eru fyrir hendi, geta áhrif orðið ótrúlega sterk, jafnvel svo að eigi sér stað furðulegir hlutir og jafnvel hræðilegir, meðan ekki er skilningur fyrir hendi. Hafa á ykkar jörð slík fyrirbæri orðið til umhugsunar, en ekki öll til skilnings. En hér er ekki nema um örlítill sambandsfyrirbæri að ræða, hjá því sem orðið gæti.

Sambandið milli hnatta er stórkostleg staðreynd. Mannkynið virðist eins og barnið, sem er að byrja að ganga. Það hefur ekki stjórn á líkama sínum ennþá, vegna ófullkominnar þekkingar á lögmálum lífsins. Hér er undirstöðuskilningur í líffræði enn ekki kominn fram á ykkar jörð, eða ekki svo að hann sé eign mannkynsins. Og það er það, sem nú strandar á framförin. Hér er byrjunin svo erfið, að ganga fyrstu skrefin og að átta sig á hvert leiðin liggur. Á Íslandi er samt fyrir hendi sú þekking, sem bjargað gæti mannkyninu og hér er sú byrjun, sem bjargað gæti. Ég segi þetta, því mér er þetta enn betur ljóst en áður. Því ég er búinn að sanfærast á enn áþreifanlegri hátt, en meðan ég var á jörð ykkar, að kenningar Helga Pjeturss eru réttar. Hef ég nú

öðlast þá reynslu, er áður mig skorti. Vissi ég þó, að þetta væri lausnin á lífsgátunni, eins og Helgi Þjeturss á skemmtilegan hátt hafði skilið.

Ég er ákaflega vel á mig kominn með heilsufar og líður mér ákaflega vel nú, sérstaklega er ég ber mig saman við ástand mitt á jörðinni, hluta ævi minnar, og er þar gjörbreyting til batnaðar á heilsu og líðan allri. Mér er óhætt að fara hvert sem ég kys. Skortir ekki afl og heilsu lengur.

Segja má, að möguleikarnir séu ótrúlegir að komast staða á milli, ekki eingöngu á þessum hnetti, sem ég á heima á, heldur og til annarra hnatta. Það er ótrúlega furðulegt og skemmtilegt. Milljón möguleikar hafa opnast, sem áður voru með öllu lokaðir. Stórkostlegast alls hefur verið, að fara í heimsóknir til betri hnatta og hef ég átt þess kost, að fara með öðrum til annarra hnatta og til annarra vetrarbrauta. Sumir hnettir, sem ég hef heimsótt, hafa mér þótt svo bjartir, að ekki eru tók á að vera þar nema skamman tíma í einu; örskamman tíma. Mér er um megn að dvelja þar nema örskamman tíma í einu, þar til ég verð til þess betur hæfur. Þó er ég þar velkominn. Og fyrr eða síðar á ég í vændum þá fullkomnun, að ég geti átt þar heima.

Það ber að hafa í huga, að tilveran er tengd, misjafnlega sterkt þó, þannig að samstilling geti orðið og öll tilvera fullkomlega lifandi heild, svo að hvergi sé ófullkomin samstilling. Þetta er allt svo miklu ljósara fyrir mér en var. Þó ég teldi mig hafa nokkurn skilning á tilgangi lífs og tilveru, þá er þetta nú orðið jafnvel miklu ljósara en áður. Og samt er það einungis staðfesting á því, sem ég áður skildi, enn meiri útfærsla.

Mjög erum við hér óþreyjufullir, að koma til jarðarinnar vitnaskju um framlífið og allt það stórfurðulega og fagra, sem okkur er kunnugt orðið á öðrum hnöttum. Þetta er það sem við teljum, að mannkynið þurfi að fræðast um, eðli framlífsins. Hér eru menn ákaflega bjartir yfirlitum, bókstaflega skín af þeim fegurðin, og styrkurinn er allur hinn undraverðasti. Það verður að gera sér ljóst, að líkamleg fegurð á fyrir sér óendanlega fullkomna framtíð. Það er mér ákaflega mikið yndi og ánægja, að virða fyrir mér þá sem ég umgengst og virðist mér sem öll fegurð fari vaxandi er lengra líður á ævi manna hér. — Held ég, að ég fjölyrði ekki meira um þetta að sinni, og býð góða nótt.

Ingvar Agnarsson

ritaði jafnóðum og talaðist.

Til áskrifenda Lífgeisla

Félag Nýalsinna sendir hér með frá sér fyrsta hefti tímaritsins „Lífgeislar“ á árinu 1977. Þar með hefst þriðji árgangur þess.

Eins og áður, er tilgangur ritsins að efla kynningu á þeim fræðum, sem kennd eru við dr. Helga Þjeturss og afla viðurkennningar á uppgötvunum hans á eðli drauma og eðli annarra lífsambanda við íbúa annarra stjarna, ef verða mætti til að bæta sambandsskilyrði og auðvelda móttöku æðri lífgeislunar og lífmögnunar, sem svo mikil virðist vera þörfin á, jafnvel frekar en oftast áður.

Gert er ráð fyrir að út komi á árinu a. m. k. 5 hefti, hvert að stærð 36 bls. Reynt verður að hafa efni ritsins eins fjölbreytt og kostur er á, innan þess ramma, sem fellur við tilgang þess.

Eins og áður, óskar ritstjórn Lífgeisla eftir því, að sem flestir lesendur og velunnarar þess, sendi því til birtingar ýmislegt efni, svo sem, drauma, frásagnir af sérstæðum fyrirburðum, hugleiðingar um lífið og tilveruna, ritgerðir vísindalegs efnis ofl. ofl. Ritið getur því betur þjónað tilgangi sínum, að sem flestir leggi því til efni.

Þrátt fyrir vaxandi dýrtíð og mjög hækkaðan kostnað á pappír og prentun verður sama verð, kr. 1000,00 látið haldast, sem á liðnu ári. Treystum við á, að lesendur *Lífgeisla*, hver og einn, geri sitt besta til að afla ritinu nýrra áskrifenda. Fjölgun áskrifenda er ein af forsendum þess, að unnt verði að halda áfram útgáfu þessa rits, og helst að gera það betur úr garði, en enn hefur verið.

Árið 1976 sendi ritstjórnin ekki út gíróseðla til áskrifenda, en meirihluti lesenda hefur samt sent greiðslu áskriftargjalds.

Allmargir hafa þó. ekki enn gert skil, og til að auðvelda þeim sendingu slíkrar greiðslu, sendum við með þessu hefti gíróseðil, og vonumst við eftir að menn bregðist vel við, og inni af hendi þá upphæð, sem þar kemur fram, eða kr. 1.000,00, sem árgjald ársins 1976.

Að lokum óskum við lesendum *Lífgeisla* farsældar á nýbyrjuðu ári, og óskum þess að á árinu megi heldur rofa til í þeim málum, er snerta lífsambönd Íslendinga — og annarra jarðarbúa, við lengra komna lífendur annarra stjarna.

*F. b. Félags Nýalsinna,
Ingvar Agnarsson.*

ASTROBIOLOGY

— ný bók eftir Þorstein Guðjónsson

Bókin er 208 bls. að stærð myndskreytt og bundin í pappírskilju-hefti.

Bókin skiptist í 18 kafla, sem skipað er í sex aðaldeildir og eru fyrirsagnir þeirra þessar:

1. Pioneers (frumherjar)
2. Dreams (draumar)
3. Bioradiation (lífgeislun)
4. Life After Death (líf eftir dauðann)
5. Biodynamics (lífaflfræði)
6. Retrospect and Prospect (litazt um í fortíð og framtíð).

ASTROBIOLOGY er almenn kynning íslenzkrar heimsfræði á hinu víðlesnasta erlendu máli.

ASTROBIOLOGY skapar fræðum Nýals tengsl við ýmsa hina merkustu þætti í vísindaframvindu samtíðarinnar.

VERÐ KR. 1900.

LÍFGEISLAÚTGÁFAN
Pósthólf 722, Reykjavík.

Bókin fæst í bókabúðum og hjá FÉLAGI NÝALSSINNA í Stjörnusambandsstöðinni, Álfhólsvegi 121, Kópavogi. Sími 40765. (Pósthólf 1159, Reykjavík).

Lífgeislar

Útgefandi: Félag Nýalssinna.

Alfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765. Pósthólf 1159, Reykjavík.

Ritstjóri: Ingvar Agnarsson.

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Lífafllsvæði líkamans (Sjá forsíðumynd) I. A.	Bls.	2
Lífgeislinn og framlíf á öðrum stjörnum. P. Á. ...	—	3
Forganga íslenskrar þjóðar í lífsbandsmaalum. I. A.	—	13
Nýja stjarnan í Svaninum. P. G.	—	14
Fróðleg bók varðandi árur og skyggni. P. J.	—	16

FYRIRBÆRI:

Um hvarf á fiskispaða. P. Á.	—	22
Máttur heimþrárinnar. K. V. og P. G.	—	23

LJÓÐ:

Til stjörnnunnar. P. E.	—	25
------------------------------	---	----

DRAUMAR:

Draumur um heimsókn frá öðrum hnetti. P. S.	—	26
„Þunglega þjarma raunir, ef eta skal Skáldu“. I. A.	—	28
Draumur um eigið útlit í spegli. P. Á.	—	28

SAMBANDSFUNDIR:

Úr miðilsfundi 26. janúar 1973.....	—	29
Ari fróði. — Andrés Andrésón. — Halld. Halldórsson.		
Úr miðilsfundi 10. október 1976	—	32
Sigurður Ólafsson.		

MYR:

Spakmæli og snilliorð. P. J.	—	21
Til áskrifenda Lífgeisla. I. A.	—	34
Astrobiology (Ný bók eftir P. G.)	—	35